

Verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar

Bt. Stefáns Gíslasonar, formanns.

Umsögn send í gengum vefinn ramma.is

Bárðardal, [2]. ágúst 2016

Umsögn um drög að lokaskýrslu um 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar

Undirritaðir umsagnaraðilar eru landeigendur jarða sem liggja að Skjálfandafljóti (hér í framhaldi nefndir „**umsagnaraðilar**“). Umsagnaraðilar hafa kynnt sér drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga (hér í framhaldi nefnd „**drögin**“) og telja sig knúna til að koma að athugasemdum við efni draganna. Sem landeigendur við Skjálfandafljót hafa umsagnaraðilar brýna og augljósa hagsmuni af niðurstöðum verkefnastjórnarinnar um virkjunarkosti í Skjálfandafljóti. Er þess vænst að tekin verði málefnaleg afstaða til þessara sjónarmiða áður en endanleg afstaða verkefnastjórnar liggur fyrir.

Umfjöllun verkefnisstjórnar um virkjunarkosti í Skjálfandafljóti

Í drögunum eru fjórir virkjunarkostir í Skjálfandafljóti teknir til skoðunar, þ.e. Fljótshnúskvirkjun, Hrafnabjargavirkjun A, B og C. Niðurstaða verkefnisstjórnarinnar er að allir þessir virkjunarkostir eigi heima í verndarflokki. Flokkunin byggir á því sjónarmiði að verðmætamat virkjunarkostanna sé of hátt vegna náttúrufars og menningarminja. Í kynningu sem verkefnastjórnin sendi frá sér á skýrslunni er að finna yfirlitsmynd þar sem búið er að merkja allt Skjálfandafljót með bökkum þess sem „Landsvæði í verndarflokki“¹. Umsagnaraðilar telja að þessi yfirlitsmynd sé ekki í samræmi við efni skýrslunnar, enda er þar eingöngu fjallað um ofangreinda virkjunarkosti og metið hvernig eigi að flokka þá. Sé það afstaða skýrsluhöfunda að verndarsvæði sé réttilega kynnt á yfirlitsmynd skortir á að sú afstaða sé kynnt málefnalega eða rökstudd.

Afstaða umsagnaraðila

Umsagnaraðilar hafa mikla hagsmuni af mögulegri nýtingu Skjálfandafljóts. Undirritaðir mótmæla því hér með hvers kyns ráðagerðum um að skerða nýtingarrétt þeirra, hvort heldur er með beinni verndun á eignarlandi þeirra eða óbeint með verndun sunnar í Bárðardal sem takmarkaði möguleika umsagnaraðila til skamms eða langs tíma til nýtingar eða með því að girða fyrir uppbyggingu á atvinnusvæðinu.

Aðrir möguleikar eru til staðar en þeir fjórir virkjunarkostir sem eru til umfjöllunar í drögunum. Því er mikilvægt að ekki sé gefið til kynna með neinum hætti í skýrslunni eða öðrum gögnum sem verkefnisstjórnin sendir frá sér að flokkun einstakra virkjunarkosta í verndarflokk taki til annars en þeirra tilteknu virkjunarkosta en ekki jafnframt til hvers konar mögulegrar nýtingar í Skjálfandafljóti.

¹ Kynninguna má finna á slóðinni: <http://www.ramma.is/media/verkefnisstjorn-gogn/Rammaaetlun-Flokkun-160331.pdf>

Samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 skal í verndar- og orkunýtingaráætlun mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Þá segir að verndar- og orkunýtingaráætlun taki til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Einnig skal í verndar- og orkunýtingaráætlun í samræmi við markmið laganna lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Í 2. mgr. 9. gr. laganna er gert ráð fyrir að unnt sé að óska eftir því að tiltekinn virkjunarkostur sé tekinn til umfjöllunar af verkefnisstjórn. Í þessu felst að niðurstaða verkefnisstjórnar getur einungis tekið til þess virkjunarkosts sem óskað hefur verið eftir að fái umfjöllun og þeirra áhrifa sem slíkur virkjunarkostur hefur. Engin heimild er fyrir verkefnisstjórnina að taka afstöðu til landsvæða án tillits til þess hvaða virkjunarkostur er til skoðunar. Slíkt væri ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti, enda er nauðsynlegt að meta virkjunarkost með heildstæðu hagsmunamati, sbr. 1. gr. laganna. Í slíku mati þarf að taka til skoðunar áhrifa tiltekins virkjunarkosts á landsvæði, samfélagsleg áhrif hans, afl sem virkjunarkosturinn myndi skila o.s.frv. Ennfremur hefur verkefnisstjórnin ekki heimild til að taka afstöðu til virkjunarkosta sem ekki ná 10 MW uppsettu rafafli.

Í ljósi þessa lýsa umsagnaraðilar því yfir að þeir eru andsnúnir hvers konar verndun sem áhrif hefur á möguleika þeirra til að nýta jarðir sínar eða kunna að skerða möguleg hlunnindi sem þeim fylgja. Umsagnaraðilar benda á að til staðar eru virkjunarkostir við Skjálfandafljót sem myndu hafa mun minni umhverfisáhrif en þeir virkjunarkostir sem eru til skoðunar í drögum. Sem dæmi má nefna möguleikann á gerð gegnumrennslisvirkjana en þær myndu hafa mjög takmörkuð umhverfisáhrif þar sem ekki verða til sérstök uppistöðulón og áhrifanna gætir nær eingöngu á virkjunarstaðnum. Drögin fjalla einkum um skaðlega áhrif lónsvirkjana og því getur umfjöllun daganna tæplega tekið til virkjana sem hafa mun minni áhrif.

Ljóst er að virkjanir á jörðum umsagnaraðila myndu hafa verulega hagsmuni af virkjunarkostum á landareignum þeirra, enda þyrftu virkjunaraðilar að greiða fyrir nýtingu vatnsréttinda og afnot af landi. Þá myndu slíkar framkvæmdir einnig hafa mikil áhrif á samfélagið vegna vinnu við uppbyggingu og rekstur virkjunar.

Umsagnaraðilar leggjast gegn því að bakkar Skjálfandafljóts verði í heild sinni skilgreindir í verndarflokki, þ.e. ef það var yfirhöfuð ætlunin ofangreindri kynningu verkefnastjórnar. Forsendur fyrir slíkri verndun koma enda hvergi fram í drögum verkefnastjórnar. Þá er einnig mótmælt hvers konar verndun sem haft getur áhrif á nýtingarmöguleika umsagnaraðila á jörðum sínum. Verndun hefði í för með sér skerðingu á eignarétti og athafnafrelsi umsagnaraðila auk þess sem að tækifæri til raforkuframleiðslu og tekjuöflunar á Norðurlandi væru verulega skert.

Þess er hér með óskað að undirrituðum verði kynnt afstaða verkefnastjórnar til framangreinds áður en hún verður kynnt opinberlega þannig að undirrituðum verði gefinn

kostur á að tjá sig og koma að frekari sjónarmiðum sínum. Byggir ósk þessi á því að undirritaðir eiga einstaklegra og mikilsverðra persónulegra hagsmuna að gæta í málinu.

[Nafn og jörð]

Helgi Halldórsson Kálfborgarvík 2909494329
Ragnheiður Halldórsdóttir Akureyri 1409572409
Sigríður Pálsson Lekjavöllum 160947-4389
Jón Hennarsson Hvasti 200733-2829
Baldur Þórnýsson Úlfarsstöðum 140339-4829
Ingvar Þórnýsson Hlíðarstöðum 1205424217
Ánna L. Þórnýsdóttir - 11 - 080149-7519
Erlingur Ingvarsson Sandhaugum 210574-4849
Gastar Þórnýsson Hlíðarstöðum 250358-5839.
Eugene Einarsson Hlíðarstöðum 110955-3169
Ingvarri Valdimarsson Emogi 2508423849
Jón Guðlaugsson Rantafelli 090346-3939
Fríðrika Sigríðsdóttir Bjarnastöðum 020359-4479.
Ólafur Ólafsson Bjarnastöðum 260559-7969
Ingólfur Víðir Ingilfsson Úlfarsstöðum 271269-5879.
Ólafur E. Skerf Úlfarsstöðum 1305725379
Guðrún Herbertsdóttir 180844-4309 Úlfarsstöðum
Ólafur Sveinbjörnsson 100259-4199 Lyngkallur

Ríkisráðgjafi Sólveigur Sigrúnardóttir 260642-5889

Engelbertur Þorkeldur Eljfi 070638-3479

Guðrun Sveinbjörnsdóttir Mjón 010342-3419

Jónas Líndalson Lundarbrakku 180250-3479

Ólafur Þorvaldur Ólafsson Lundarbrakku 280254-3559

Páll Þorvaldursson Víðikeri 120550-7649

Þyggvi Þorvaldursson Víðikeri 020375-3969

Sigríður Baldurardóttir Víðikeri 231248-3239

Jóhanna Jónsdóttir 300554-2299

Stefanía Sigrúnardóttir Einbúa 210572-3689

[Nafn og jörð]

Eidur Jónsson 280957-5269 Arteigi
Sigurður Jónsson 260852-2059 Ardeigi
Kári Karlsson 140859-4569 Nipa
Þorvaldur Pálsson 020475-4209 Fitjunn
Róshildur Jónsdóttir 030672-3809 Rangá
Sigríður Einarsson 240456-2579 Ólafsstadur
Eldur Ólafsson 1612622779 Suðri Leikuból
Yvóna Jónsson 1602555019 -11-
Hreinn Sif Jónsdóttir 280488-3991 -n-
Einar Baldursson 070975-5649 Engihlíð
Anna Harðardóttir 190262-2439
Kristján Tryggvason 2509664749 Arteigi
Hefna Sævarsdóttir 091070-4489 Arland/
Arland/Fellshy
Sigríður Pétursdóttir 260952-4179 Yrtafell
Madsinn Lípuður 0707575599 Kniaból
Kinnur Bragadóttir 0710582719 - " -
Þósi Gunnarsson 2507574259 Þrijúk
Umur Pétursdóttir 031159-5399 - " -

kostur á að tjá sig og koma að frekari sjónarmiðum sínum. Byggir ósk þessi á því að undirritaðir eiga einstaklega og mikilsverðra persónulegra hagsmuna að gæta í málinu.

[Nafn og jörð]

Ságm Sigríggsson Hrifla

Sigurður Atlason 281274-5709 Ingjaldsstaðir

Hóll Sigurðsson 140444-2669 Ingjaldsstaðir

Karl Sigurðsson 111035-2379 Kleinartrétt

Cyrrill Váhyjálunsson 110836 3769 Naurá

Ólafur Haraldsson 010271-5339 Fljótsbakka

Þóttur Arnarsson 080965 4949 Óxará

Ólína Jóna Þórisel 190741-3119 Óxará

Andrianna Pálsson 130667-3769 Fremstafelli

Pétur Björn 220664-3849 FREMSTAFELL
(BEEKKA)